

01.06.2021

BALDERTECH BALDER

Notendahandbók LiNX



Balder

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| 1. INTRODUCTION | 4 |
| 1.1. Purpose of the product | 4 |
| 1.2. Making your chair ready for use | 4 |
| 1.3. Individual labeling | 4 |
| 1.4. Contact addresses if you require assistance | 4 |
| 1.5. Use of hazard symbols | 5 |
| 1.6. Available documentation | 5 |
| 1.7. The environment | 5 |
| 1.8. Warranty | 5 |
| 1.8.1. Terms of warranty | 5 |
| 1.8.2. Exclusions | 6 |
| 1.8.3. Support | 6 |
| 1.8.4. Spare parts and accessories | 6 |
| 2. KEY DATA | 7 |
| 2.1. Restrictions during normal use | 7 |
| 2.1.1. Intended use/user | 7 |
| 2.1.2. Surfaces | 7 |
| 2.1.3. Obstacles, | 7 |
| 2.1.4. sideslopes and kerbs | 7 |
| 2.1.5. Transfer in and out of the wheelchair | 10 |
| 2.1.5. Parts and tools | 10 |
| 2.2. Technical specifications | 11 |
| 3. TECHNICAL DESCRIPTION | 12 |
| 3.1. Function and operation | 12 |
| 3.2. Physical structure | 12 |
| 3.2.1. Joystick | 13 |
| 3.2.2. Operating program | 15 |
| 3.2.3. Wheelchair attachment points | 16 |
| 3.2.4. Swing away for joystick (optional extra) | 16 |
| 3.2.5. Attendant control (optional) | 16 |
| 4. ADAPTING YOUR WHEELCHAIR | 18 |
| 4.1. Adapting the armrests | 18 |
| 4.1.1. Angle adjustment | 18 |
| 4.1.2. Height adjustment | 19 |

| | | | |
|--------|---|-------------------------------------|----|
| 4.1.3. | Adjusting | the armrest pads | 19 |
| 4.1.4. | Adjusting | the width between the armrests | 20 |
| 4.2. | Adapting the footrest / foot supports | | 20 |
| 4.2.1. | adjustment, electric footrests | Length | 20 |
| 4.2.2. | footrest plates | Angling the | 21 |
| 4.2.3. | angle | Foot support | 21 |
| 4.2.4. | Adjusting | the width between the foot supports | 22 |
| 4.2.5. | Removing | and pivoting out the foot supports | 22 |
| 4.3. | Adjusting the joystick | | 23 |
| 4.4. | Adjusting the swing away for joystick (optional extra) | | 23 |
| 4.5. | Adjusting the headrest (optional extra) | | 24 |
| 5. | CHAIR OPERATION | | 25 |
| 5.1. | Activation, normal operation and deactivation | | 25 |
| 5.1.1. | activation | Wheelchair | 25 |
| 5.1.2. | the wheelchair | Deactivating | 25 |
| 5.1.3. | | Operation | 26 |
| 5.1.4. | attendant control (optional extra) | Operating the | 27 |
| 5.1.5. | distance | Driving | 27 |
| 5.2. | General seat functions | | 28 |
| 5.2.1. | | Seat tilt | 28 |
| 5.2.2. | | Seat back | 28 |
| 5.2.3. | length compensation | Left footrest / | 28 |
| 5.2.4. | footrest angle | Right footrest / | 29 |
| 5.2.5. | | Seat | 29 |
| 5.3. | Stand up function | | 30 |
| 5.4. | Interference | | 32 |
| 5.4.1. | automatic fuse | Checking the | 32 |
| 5.4.2. | Disconnecting the breaks/drive | motor | 32 |
| 6. | TRANSPORT OF WHEELCHAIR AND USER IN CAR | | 33 |
| 6.1. | General occupant restraint Instructions | | 34 |
| 6.2. | Securing the chair in a car with a 4 pointstrap tie-down system | | 35 |
| 6.3. | Using a docking system (optional extra) | | 37 |
| 6.3.1. | System | Dahl Docking | 37 |
| 6.3.2. | Balder | Docking System | 39 |
| 6.4. | Transportation by air | | 41 |
| 6.4.1. | prior to transportation by air | Preparations | 41 |
| 7. | STORAGE | | 42 |

| | | |
|--------|------------------------|----------------------|
| 8. | MAINTENANCE | 42 |
| 8.1. | Maintenance - Overview | 42 |
| 8.2. | Maintenance procedures | 42 |
| 8.2.1. | charging | Battery 42 |
| 8.2.2. | Frame | and body cleaning 43 |
| 8.2.3. | Seat cleaning | 43 |
| 8.2.4. | Releasing | the seat 43 |
| 8.2.5. | Disconnecting | the batteries 44 |
| 8.2.6. | Fitting | the batteries 44 |
| 8.2.7. | Tire | 45 |
| 9. | TROUBLESHOOTING | 46 |
| 10. | OPTIONAL EXTRAS | 47 |
| 11. | CONTACTS | 48 |

1. INNGANGUR

1.1. Tilgangur vörunnar

Balder-hjólástólar eru mjög þægilegir fjölnota rafmagnshjólástólar með mikið notagildi. Balder-hjólástólar sameina eiginleika útihjólástóla og sveigjanleika innihjólástóla og eru hannaðir til daglegrar notkunar við allar aðstæður. Áætlaður endingartími þessarar vöru er fimm ár. Endingartími byggist á því að farið sé eftir ráðlagðri notkun og viðhaldi.

1.2. Stóllinn undirbúinn fyrir notkun

Áður en stóllinn er tekinn í notkun mælum við með að hann sé stilltur í samræmi við sértækar kröfur hvers notanda. Stóllinn er búinn einföldum stjórn- og stillingarbúnaði sem gerir notanda kleift að sitja eins þægilega og mögulegt er. Frekari upplýsingar um stjórn- og stillingarbúnað eru í tæknilýsingunni.

1.3. Merkingar

Allir Balder-hjólástólar eru sérstaklega merktir með einkvæmu raðnúmeri. Merkingin er á grindinni, á milli framhjólanna.


Ávallt skal gefa upp raðnúmer stólsins ef þörf er á aðstoð.
Strikamerki

Hámarksþyngd notanda

Gerð vöru

Raðnúmer

Þjónustuver á viðkomandi einnig úrræðaleit í kafla 9,





1.4. Samskiptaupplýsingar ef þörf er á aðstoð


Hafið samband við næsta söluaðila eða svæði ef þörf er á aðstoð eða varahlutum. Sjá og kafla 11. Tengiliðir.

1.5. Notkun hættutákna

Fylgja skal öllum viðvörnum til að forðast meiðslí á fólki, skemmdir á vélbúnaði eða skaða á umhverfinu. Eftirfarandi þrjú hættutákn verða notuð í þessari handbók.

 **HÆTTA**
Ef þessum leiðbeiningum er ekki fylgt MUN starfsfólk slasast alvarlega.

Ef  **VIÐVÖRUN**
þessum leiðbeiningum er ekki fylgt MUN vélbúnaður verða fyrir alvarlegum skemmdum.

 **ATHUGIÐ**
Ef þessum leiðbeiningum er ekki fylgt GÆTI starfsfólk slasast, vélbúnaður orðið fyrir skemmdum eða skaði orðið á umhverfi.

1.6. Tiltæk gögn

Ef notandi á erfitt með að lesa þennan leiðarvísi er einnig hægt að fá hann á rafrænu formi svo hægt sé að stækka textann, myndirnar o.s.frv., ef þörf krefur. Hafið samband við söluaðila ef óskað er eftir að fá rafrænt afrit. Þennan leiðarvísi sem og tæknihandbók í heild sinni, þar á meðal upplýsingar um þjónustu, er hægt að sækja sem PDF-skrá á vefsvæði okkar www.baldertech.com.

1.7. Umhverfið

Stólana skal flokka í samræmi við viðeigandi reglugerðir um úrgang. Einkum skal huga að rafhlöðum og rafeindabúnaði.

1.8. Ábyrgð

ÖLLUM hjólastólum fylgir tveggja ára vöruábyrgð. Eins árs ábyrgð er á rafhlöðu og hleðslutæki. Ef skipta þarf um íhluti eða viðgerðar er þörf sökum smíðagalla eða efnisgalla innan tveggja ára frá afhendingu sér Baldertech um þá framkvæmd.

1.8.1. ÁBYRGÐARSKILMÁLAR

Efnd ábyrgðar Baldertech AS er háð eftirfarandi skilyrðum:

Breytingar, viðhald og viðgerðir verða að vera í höndum viðurkenndra samstarfsaðila Baldertech AS.

Vörurnar skal nota í samræmi við ætlaðan tilgang eins og fram kemur í notendahandbók. Þjálfari viðgerðaraðilar skulu sjá um allar viðgerðir og viðhald.

1.8.2. UNÐANPÁGUR FRÁ ÁBYRGÐ

Ábyrgð Baldertech AS gildir ekki við eftirfarandi aðstæður:

- Ef skilmálar ábyrgðarinnar hafa ekki verið uppfylltir
- Hjólastóllinn er ekki notaður með réttum hætti
- Geymsla og flutningur á sér stað með röngum hætti
- Breytingar eru gerðar með röngum hætti eða notaðar eru íhlutir sem ekki eru frá Baldertech AS
- Viðgerðir eða breytingar eru framkvæmdar af öðrum en viðurkenndum þjónustuaðilum Baldertech AS
- Skemmdir verða af óviðráðanlegum atvikum
- Reglubundinni þjónustuáætlun er ekki fylgt

1.8.3. ÞJÓNUSTA OG STUÐNINGUR

Til að tryggja öryggi notanda og eðlilega virkni hjólastólsins mælumst við til þess að hann sé yfirfarinn árlega af viðurkenndum þjónustuaðilum.

Allir hjólastólar frá Baldertech eru auðkenndir með einkvæmu raðnúmeri á vörumerkingunni. Vörumerkingin er á grindinni, milli framhjólanna.

Hafið ávallt raðnúmerið við höndina þegar rætt er við birgja.

Ef þörf er á tæknilegri aðstoð skal hafa samband við söluaðila. Sjá „Samskiptaupplýsingar“. Sjá eyðublaðið „Reglubundið viðhald“ í þjónustuupplýsingum Balder.

Upplýsingar um þjónustu og viðgerðir:

| Framkvæmt af | Tegund þjónustu/viðgerðar |
|--|---|
| Notandi | Ekkert |
| Viðhaldsfulltrúi/þjónustuaðili | Skipt um rafhlöður, hjól og almennar viðgerðir og viðhald. |
| Viðurkenndir þjónustuaðilar og framleiðandi. | Skipt um hreyfiliða, forritun og aðrar viðgerðir sem krefjast tæknipækkingar. |
| Framleiðandi | Ef aðstæður hafa komið upp sem eru utan eðlilegrar notkunar, til dæmis ef bil hefur verið ekið á hjólastólinn eða önnur sambærileg atvik. |
| Framleiðandi byður ekki upp á annars konar uppsetningar. | |

1.8.4. VARAHLUTIR OG AUKAHLUTIR

Hægt er að panta varahluti og aukahluti fyrir hjólastólinn hjá Baldertech eða söluaðila. Sjá „Samskiptaupplýsingar“.

Áætlaður endingartími þessarar vöru er 10 ár. Áætlaður endingartími byggist á ráðlagðri notkun og viðhaldi sé sinnt.

2. LYKILGÖGN

2.1. Takmarkanir á hefðbundinni notkun

2.1.1. TILÆTLUÐ NOTKUN/NOTANDI

- Allir Balder-hjólastólar eru hannaðir fyrir einn - 1 - notanda.
- Hámarksþyngd hjólastólsins fer eftir gerð hans og er tilgreind á vörumerkingunni. Ekki má fara yfir uppgefna hámarksþyngd.
- **Notandi má aldrei leyfa öðrum aðila að aka með sér í stólnum, hvorki fyrir aftan notanda né á fótstöðunum.**
- Hjólastólar frá Balder falla undir flokk B og eru ætlaðir fyrir notkun innandyra og takmarkaða notkun utandyra.
- Notandi verður að búa yfir vitsmunalegri, líkamlegri og sjónrænni getu til að aka og stýra hjólastól með öruggum hætti í

umhverfi sem ekki skal fara yfir 6 gráðu halla. Ef notandi er óviss hvort hjólastóllinn hentar þörfum hans skal hafa samband við söluaðila.

- Balder F og Balder Junior eru fáanlegir í ýmsum útgáfum fyrir notendur allt að 120 kg að þyngd. Á vörumerkingunni má nálgast upplýsingar um þyngd notanda, útgáfu, gerð, raðnúmer og framleiðsluár.

2.1.2. UNDIRLAG

HÆTTA

Sýnið aðgát þegar hjólastóllinn er notaður á ójöfnu, blautu eða hálu yfirborði (möl, sandur/laus jarðvegur, blautt gras o.s.frv.). Við þessar aðstæður er hættu á að velta hjólastólnum eða missa stjórn á honum.

Hafið í huga að þegar farið er yfir eða framhjá hindrunum er hættu á því að stóllinn velti.

Hafið í huga að stóllinn er þungur. Ekki aka á svæði þar sem hættu er á að undirlagið falli saman.

Forðast skal að fara yfir vatn sem er dýpra en 7 cm. Það getur valdið skemmdum á rafmagnsmótörnum og rafkerfum sem og rafhlöðunni.

Þegar ekið er í halla umfram 6 gráður ber að hafa í huga að það getur haft áhrif á stöðugleika stólsins og hættu er á að hann velti.

2.1.3. HINDRANIR, HLÍÐARHALLAR OG KANTSTEINAR

ATHUGIÐ


Þegar hjólastólnum er ekið niður í móti framleiðir mótörinn orku. Sú orka hleður rafhlöðuna. Ef rafhlaðan er þegar fullhlaðin getur hún ekki lengur tekið við þessari orku.

Þegar það gerist verður rafhlöðuspennan of há sem getur valdið skemmdum á annað hvort stjórnbúnaðinum eða rafhlöðunum. Stjórnbúnaðurinn reynir að koma í veg fyrir þessar skemmdir og ef þörf krefur þvingar hann hjólastóllinn að lokum til að stöðvast.


Ef ekið er hægar niður í móti framleiðir mótörinn minni orku. Rafhlöðurnar fá lengri tíma til að draga í sig orkuna áður en fullri hleðslu er náð. Það dregur úr hættu á að hjólastóllinn stöðvist skyndilega og lengir endingartíma rafhlaðanna.

Til að akstur niður í móti sé snurðulaus skal:

- Velja aksturssnið með minni hámarkshraða
- Ef stóllinn er búinn ljósum skal kveikja á þeim. Ljósir nýta orku og það veldur því að minni orka fer til rafhláðanna. Þannig er hægt að aka örlítið hraðar niður í móti heldur en þegarljósir eru slökkt.
- Þegar LED-ljósir á rafhlöðuvísinum fara að blikka, sem gefur til kynna að rafhlöðurnar séu aðofhlaða sig skal ekki hunda viðvörðunina. Dragið úr hraðanum. Ef ekki er dregið úr hraðanum veldur það skemmdum á rafhlöðunum. Þegar ekið hefur verið of lengi á of miklum hraða stöðvast stóllinn til að koma í veg fyrir meiri skemmdir.
- Ef notandi þarf að fara oft niður í móti með fullhlaðnar rafhlöður skal biðja uppsetningaraðila/tæknimann/meðferðaraðila að breyta stillingum stólsins þannig að hann henti aðstæðum notanda.




Ekið niður í móti



Ekið upp í móti

Ekið í hliðarhalla

Forðist af fremsta megni að aka í hliðarhalla. Við akstur í hliðarhalla þarf að aka hægt og gæta mikillar varúðar. Gætið mikillar varúðar í halla með ójöfnu yfirborði, á borð við mól, sand, snjó og gras.



Driving on sideslopes



Akið ekki í meira en 6 gráðu hliðarhalla. Hætta er á að stóllinn velti. Notkun sætishækkunar, sætishalla og sætisbakshalla breytir þyngdarpunkti stólsins og eykur líkur á því að hann velti.

Ekið yfir hindranir og kantsteina

Akið ekki yfir hindranir sem eru hærrí en 50 mm.

Þyngdarpunktur stólagerða með sætishækkun, sætisbakshalla og sætishalla breytist við notkun á fyrrgreindri virkni sem eykur hættu á því að stóllinn velti. Aðeins skal nota sætishækkun, sætishalla og sætisbakshalla á jöfnu undirlagi.



VIÐVÖRUN

Gætið þess að sitja eins aftarlega í sætinu og mögulegt er. Tryggið að enginn laus fatnaður á borð við trefla, jakka eða slíkt hangi niður með hliðum hjólastólsins. Slíkur fatnaður getur flækst auðveldlega. Notkun sætishækkunar, sætishalla og sætisbakshalla breytir þyngdarpunkti stólsins og getur truflað aksturseginnleika hans.

! VIÐVÖRUN

Við beygjur eða breytingar á akstursstefnu á miklum hraða getur stóllinn oltið og valdið meiðslum. Hættan eykst við mikinn hraða í beygjum, krappar beygjur og skyndilega breytingu á akstursstefnu. Hættan eykst einnig þegar skipt er yfir á undirlag með mismunandi viðnám, til dæmis frá grasi yfir á malbik. Hægja skal á akstri í beygjum, við breytingar á akstursstefnu og slíkt.




WARNING

If the wheelchair is acting abnormal, turn it off and contact authorized service personnel.

Til að forðast hindranir er æskilegt að nota skábrautir, ef hægt er. Aðeins skal fara yfir þrep og kantsteina á litlum hraða og sýna mikla varúð. Alltaf skal fara beint yfir hindranir (með 90 gráðu horni).



Ekið yfir hindranir og kantsteina



Þegar ekið er yfir hindranir og kantsteina

2.1.4. FARIÐ Í OG ÚR HJÓLASTÓLNUM

Gætið þess að SLÖKKT sé á hjólastólNUM áður en sest er í hann eða farið úr honum. Hækkið fótstoðirnar og sætisarmaþa svo auðveldara sé að setjast niður.

Gæta skal þess að hafa sem minnsta fjarlægð milli hjólastólsins og staðarins sem notandinn er að færa sig yfir á. Of mikil fjarlægð getur aukið líkurnar á því að notandi detti eða missi jafnvægið.

Aldrei má nota stýripinnann, fótstoðirnar eða sætisarmaþa til stuðnings þegar farið er í eða úr hjólastólnum þar sem þessi búnaður er ekki hannaður til að bera mikla þyngd. Við mælum með að annar einstaklingur sé til staðar til að fylgjast með og aðstoða ef þörf krefur.

Farið sætisfletina eins þétt saman og mögulegt er. Ef notandi er að koma frá hlið er best að renna líkamanum yfir á hinn sætisflötinn. Ef sætisflöturinn er fyrir framan hjólastólinn þarf notandi að snúa líkamanum.



Farið milli setflata

2.1.5. ÍHLUTIR OG VERKFÆRI

Framleiðandi Balder-hjólastóla hefur lýst því yfir að ekki megi fjarlægja neina íhluti eða aukabúnað hjólastólsins án verkfæra.

Alla jafna er ekki hægt að taka hjólastóla frá Balder í sundur án verkfæra og ekki er ætlast til að neinir hlutar þeirra séu fjarlægðir nema þess sé getið sérstaklega í notendahandbókinni.

Á sumum gerðum hjólastóla kunna að vera hlutir sem hægt er að fjarlægja án verkfæra, til dæmis:

- Sætispúði, 2,76 kg
- Bakpúði, 2,72 kg
- Stuðningur við háls, 0,66 kg
- Stuðningspúði fyrir fráfærsluhreyfingu 1,0 kg

2.2. Tæknilýsing

| Lýsing | Balder Junior | Balder Junior Stand up | Balder Finesse | Balder Stand up | Finesse |
|---|---|------------------------|------------------|------------------|---------|
| Breidd | 64 cm | 64 cm | 64 cm | 64 cm | |
| Lengd án fótstöða | 84 cm | 104 cm | 84 cm | 104 cm | |
| Lengd með fótstöðum, inndregnar að fullu | 107 cm | 111 cm | 114 cm | 118 cm | |
| Sætisbreidd | 30-35 cm | 32,5 cm | 40-48 cm | 40 - 48 cm | |
| Sætisdýpt | 35-40 cm | 37,5 cm | 40-52,5 cm | 40 - 52,5 cm | |
| Sætishæð án sessu | 36-78,5 cm | 36 - 78,5 cm | 35-78,5 cm | 35 - 78,5 cm | |
| Hæð sætisbaks | 40-42 cm | 41 cm | 44-62 cm | 44 - 62 cm | |
| Hæð undir grind | 7 cm | 7 cm | 7 cm | 7 cm | |
| Bil milli öxla | 61,5 cm | 61,5 cm | 61,5 cm | 61,5 cm | |
| Þyngd | 126 kg | 130 kg | 130 kg | 140 kg | |
| Hámarksþyngd notanda | 75 kg | 75 kg | 120 kg | 100 kg | |
| Sætisbakshalli | 0° til 90° | 0° til 90° | 0° til 90° | 0° til 90° | |
| Halli | -15° til 45° | -15° til 15° | -15° til 45° | -15° til 15° | |
| Halli fótstöðar | 0° til 90° | 0° til 90° | 0° til 90° | 0° til 90° | |
| Hámarkshæð hindrana | 50 mm | 50 mm | 50 mm | 50 mm | |
| Hámarkshraði | 7 eða 10 km/klst | 7 eða 10 km/klst | 7 eða 10 km/klst | 7 eða 10 km/klst | |
| Hámarksdrægni | 35 km | 35 km | 35 km | 35 km | |
| Framhjól, mál | 3 x 8" | 3 x 8" | 3 x 8" | 3 x 8" | |
| Afturhjól, mál | 2,5 x 3" | 2,5 x 3" | 2,5 x 3" | 2,5 x 3" | |
| Framhjól, loftþrýstingur | 206,84 kPa | Stunguþolin | 206,84 kPa | Stunguþolin | |
| Afturhjól, loftþrýstingur | 344,74 kPa | Stunguþolin | 344,74 kPa | Sterk | |
| Beygjuradíus | 1100 mm | 1100 mm | 1100 mm | 1100 mm | |
| Flokkur | B | B | B | B | |
| Hámarkshalli | 6° | 6° | 6° | 6° | |
| Rafhlöður | A512/55A 12 V | A512/55A 12 V | A512/55A 12 V | A512/55A 12 V | |
| Þyngd rafhlaða | 18 kg x 2 | 18 kg x 2 | 18 kg x 2 | 18 kg x 2 | |
| Prófað samkvæmt eftirfarandi stöðlum | | | | | |
| EN 12184 | Sem og stöðlum sem liggja til grundvallar | | | | |
| ISO 1021 1/2 | Öll efni eru neistapólin. | | | | |

3. TÆKNILÝSING

3.1. Virkni og notkun

Balder-hjólástólar eru rafknúnir. Rafknúinni virkni stólsins er stýrt með stýripinna eða aðgerðarofa.

Hjólástólar af gerðunum Balder Finesse og Balder Junior eru fánlegir með eiginleika fyrir standandi stöðu. Sjá kafla 5.3.



3.2. Uppbygging HÆTTA

Ekki má fjarlægja eða taka í sundur búnað sem getur haft áhrif á notkun og/eða virkni hjólástólsins. Hafið samband við viðurkennda þjónustuaðila ef þörf er á aðstoð.

Á myndinni má sjá hjólástól af gerðinni Balder Finesse en sambærileg uppbygging á einnig við um Balder Junior. Balder Finesse og Balder Junior eru rafknúnir hjólástólar með framhjóladrifi.



Skýringar:

| | |
|------------------------|--|
| 1. Stuðningur við háls | 5. Fótapúðar |
| 2. Sætisbak | 6. Fótstoðir |
| 3. Stýripinni | 7. Rafhlaða (staðsett undir grindinni) |
| 4. Stólseta | 8. Sætisarmar |



VIÐVÖRUN

Notandi má ekki framkvæma aðra viðhaldsvinnu en tilgreind er í þessari handbók. Þjónusta, forritun á stýrikerfum og fleira skal unnið af viðurkenndum þjónustuaðilum Baldertech.

Rangar stillingar geta gert hjólástólinn óstöðugan. Það getur leitt til þess að ábyrgð falli úr gildi.


VIÐVÖRUN










Viðurkenndir þjónustuaðilar verða að sjá um forritun, viðhald flókinna vélarhluta, hreyfiliða, mótorá og búnaðar sem getur haft áhrif á öryggi.

3.2.1. STÝRIPINNI

Stýribúnaður fylgir hjólastólum. Hann er forritaður af framleiðandanum út frá tæknilyngu stólsins. Rafknúnni virkni er stýrt með stýripinna eða stjórnborði. Þegar kveikt er á aflrofanum fer hjólastóllinn sjálfkrafa í þá stillingu sem hann var í áður en slökkt var á honum. Akstursstefnur og sætisstillingar eru valdar með því að nota stýripinnann og hnappana á stjórnborðinu. Aðeins viðurkenndir þjónustuaðilar sem samþykktir hafa verið af Baldertech mega sjá um forritun stýrikerfis. Erfitt eða ómögulegt kann að vera að stýra stólum ef hann er ekki forritaður með réttum hætti.


3.2.1.1. REM216 stýripinni



| | | | |
|---|--|---|---|
| Aflrofi/stöðuljós |  | F-4 Stöðuljós drifs/hreyfiliða - sætisstilling, halli fótstoðar | |
| B rafhlöðuvísir *) | | F-5 Stöðuljós drifs/hreyfiliða - sætisstilling, lengd fótstoðar | |
| C Hraðamælir |  | G Ljós og stefnuljós til hægri (aukabúnaður) | |
| D Tengingarljós |  | H Flauta |  |
| E Val um sætisvirkni |  | I Stýripinni |  |
| F-1 Stöðuljós drifs/hreyfiliða - sætisstilling, hækkun | | D J Neyðarljós og stefnuljós til vinstri (aukabúnaður) |  |
| F-2 Stöðuljós drifs/hreyfiliða - sætisstilling, halli | | K Gaumljós akstursstillingar |  |
| F-3 Stöðuljós drifs/hreyfiliða - sætisstilling, halli sætisbaks | | L Gaumljós akstursstillingar |  |

*) 1 rauð, 2 rafgul og 2 græn LED-ljós loga þegar rafhlaðan er fullhlaðin. Þessi ljós dofna smám saman eftir því sem hleðslan minnkar.

3.2.1.2. REM400 stýripinni



| | | | | |
|---|---|----|---|------------------|
| A | Fjölnota hnappar | 1 | E | Rafhlöðustika *) |
| B | Aflhnappur/stöðuljós | QD | F | Stöðustika |
| C | Snertiskjár Skjár fyrir aðgerðir notanda | n | G | Stýrihnappur |
| D | Stýripinni | | | 9 |

*) Rafhlöðustikan er græn þegar hleðslan er á milli 60 og 100%, appelsínugul þegar hún er á milli 20 og 59% og rauð þegar hún er minni en 20%. Þessi ljós dofna smám saman eftir því sem hleðslan minnkar.


Hraðastjórnun

Hraðamælirinn skiptist í tíu hluta sem standa fyrir hraðasvið hjólastólsins. Hver hluti birtist í einum af þremur litum.

- Græni hlutinn (A) sýnir hraðasviðið sem er ákvarðað af stillipunktinum (E) á hraðasleðanum (D).
- Gulí hlutinn (B) sýnir forstillt svið hámarkshraða (C), miðað við hvernig akstursskjámyndin er forrituð.
- Grái hlutinn (F) sýnir að hámarkshraðasviði viðkomandi akstursstillingar er ekki náð.

Hægt er að stjórna forstilltum hámarkshraða á hverri akstursskjámynd að þörfum notanda.

Hlutfall græna hlutans (A) og gula hlutans (B) á hraðamælinum og hraðasleðanum samsvarar staðsetningu stillipunktsins (E).



Rafknúinni sætisvirkni stjórnað

Allar sætisskjámyndir eru sjálfgefið stilltar þannig að þær sýna eina rafknúna sætisvirkni. Veljið sætisskjámyndina sem sýnir sætisvirknina sem óskað er að stjórna. Gefið skipun um hreyfingu áfram eða aftur á bak til að stjórna sætisvirkni. Þegar hreyfing verður virk hverfur stýrihnappur (A), stefna hreyfingarinnar (B) verður sýnileg, mótstæð stefna verður óvirk (C) og driflæsingartákn (D) birtist á stöðustikunni. Hreyfing verður óvirk um leið og skipuninni er hætt eða þegar hreyfingunni er lokið.



VIÐVÖRUN

Rafsegulsvið (farsímar eða önnur tæki sem gefa frá sér rafsegulbylgjur) getur haft áhrif á aksturseiginleika rafknúinna hjólastóla. Best er að slökkva á slíkum tækjum meðan hjólastóllinn er í notkun, ef mögulegt er.



Aðeins má nota hleðslutengið til að hlaða og læsa hjólastólum. Ekki má nota það til að hlaða önnur raftæki.

3.2.2. STÝRIKERFI

Þessi hjólastóll er forstilltur með þremur mismunandi sjálfgefnum stýrikerfum. Kerfið eða aðgerðin sem verið er að nota hverju sinni kemur fram á skjánum.

| | | |
|--------|--------|--|
| | | Stýrikerfið er valið með því að ýta á valrofa kerfisins. |
| REM216 | REM400 | |

Eftirfarandi kerfi eru í boði:

1. Stýrikerfi með áherslu á hljóðlátar hreyfingar og lítinn hraða sem er jafnan notað þar sem rými er af skorum skammti og nákvæmar hreyfingar eru mikilvægar.
2. Kerfi sem gert er ráð fyrir að verði sjálfgefið val eftir að notandi hefur lært á virkni stólsins og öðlast öryggi við allar aðstæður. Þetta kerfi veitir hraða svörun við aðgerðum notanda, aksturshraði er í meðallagi og hemlasvörun er hröð.
3. Þetta kerfi er hannað fyrir notkun utandyra. Það veitir hámarks knúningsafl fram á við án þess að vera of næmt fyrir minniháttar leiðréttingum.

3.2.3. FESTIPUNKTAR HJÓLASTÓLSINS

Á hjólastólnum eru festingar - tvær að framan (1) og einn hringur (2) að aftan. Festingarnar eru merktar með táknum eins og sýnt er á skýringarmynd.

Að framan



Að aftan



Upplýsingar um hvernig hjólastóllinn er festur við flutninga eru í kafla 6.

3.2.4. FRAMLENGING FYRIR STÝRIPINNA (VALFRJÁLS

AUKABÚNAÐUR) Framlenging fyrir stýripinna:

Allir Balder-hjólastólar eru fáanlegir með sveiflurvirkni (1) fyrir stýripinna. Með framlengingunni verður aðgengi að stýripinnanum auðveldara og fleiri valkostir fyrir staðsetningu hans.

Lýsing á uppsetningu og stillingu þessarar framlengingar er í kafla 4.4.



3.2.5. AÐSTOÐARSTÝRING (AUKABÚNAÐUR)

Aðstoðarstýring er í boði með öllum hjólastólum frá Balder. Í þessum leiðarvísi er hefðbundinni aðstoðarstýringu lýst. Sjá nánari upplýsingar í kafla 5.4.1

3.2.5.1. Uppsetning/fjarlæging

Ef stóllinn er búinn aðstoðarstýringu er hún sett upp eða fjarlægð sem hér segir.

Aðstoðarstýring:

Uppsetning:

1. Komið aðstoðarstýringunni fyrir í dældinni aftan við stólinn (1).
2. Herðið stoppskrúfuna (2).
3. Tengid snúrurnar fyrir stýripinna, stjórnborð og, ef hægt er, fyrir útsláttarrofa (4).
4. Breytið horni aðstoðarstýringarinnar með því að toga rofana (3) út og hreyfa þá til. Sleppið rofunum þegar réttu horni hefur verið náð.

Fjarlæging:

1. Losið stoppskrúfuna (2).
2. Takið snúrurnar fyrir stýripinnann, stjórnborðið og, ef hægt er, fyrir útsláttarrofa, úr sambandi.
3. Pull the attendant control out of the groove (1).



4. STILLING HJÓLASTÓLSINS

Fyrir notkun er mikilvægt að stóllinn sé lagaður að þörfum notanda til að tryggja hámarksþægindi. Notandi fær aðstoð við þetta þegar hjólastóllinn er afhentur. Ef notandi vill breyta stillingum stólsins síðar skal hafa samband við söluaðila eða aðra viðeigandi aðila.


4.1. Stilling sætisarma

Til að tryggja hámarksþægindi er mikilvægt að notandi finni bestu stöðuna á milli þess að hvíla og styðja við handleggina án þess að hefta svigrúm sitt til hreyfingar.

4.1.1. HALLASTILLING

Balder Finesse


1. Losið skráfurnar (1) á bakhlífinni.
2. Fjarlægið bakhlífina.
3. Losið um róna og stillið skráfuna af (2) til að breyta halla og hæð sætisarmanna.
4. Gerið það sama við sætisarminn á hinni hliðinni.
5. Herðið skráfurnar og setjið bakhlífina (1) aftur á sinn stað.



4.1.2. HÆÐARSTILLING

Balder Junior

1. Losað lásskrúfuna (1) undir sætisarminum.
2. Ýtið sætisarminum upp eða niður til að stilla hæðina.
3. Herðið lásskrúfuna (1).



4.1.3. STILLING ARMPÚÐA Balder Finesse

1. Losið skráfurnar (1) svo púðinn losni frá festingunni.
2. Ýtið púðanum í æskilega stöðu.
3. Herðið skráfurnar (1).



Balder Junior

1. Losið skráfurnar (1) svo púðinn losni frá festingunni.
2. Ýtið púðanum í æskilega stöðu.
3. Hertu skráfurnar (1).




4.1.4. STILLING Á BREIDD MILLI SÆTISARMA

ATHUGIÐ

Aðeins fyrir Balder Junior.

Balder Junior

1. Losið lásskrúfuna (1).
2. Stillið festinguna (2) á sætisarminum þar til æskilegri breidd er náð.
3. Hertu lásskrúfuna (1).
4. Gerið það sama við hinn sætisarminn.



4.2. Stilling á fótstöðum

Hjólástólar frá Balder eru fánlegir með úrvali fótstöða, bæði handvirkra og rafknúinna. Val á fótstöðum fer meðal annars eftir öðrum eiginleikum eða búnaði sem fylgir stólnum. Sjá lýsingu á gerð fótstöðarinnar sem fylgir viðkomandi hjólástól.

Best er að stilla fótstöðir þegar hnéð myndar 90 gráðu horn því það gefur gleggsta mynd af hlutfallinu milli lengdar og horns fótstöðarinnar.

4.2.1. LENGÐARSTILLING, RAFKNÚNAR FÓTSTÖÐIR

Rafknúnar fótstöðir

1. Losið stilliskrúfurnar (1) aftan á festingunum fyrir fótstöðirnar.
2. Stillið æskilega hæð.
3. Herðið stilliskrúfurnar (1).
4. Prófið virkni fótstöðanna þegar þær hafa verið stilltar með því að færa þær í ystu stöðu.

Skýringarmyndin sýnir fótstöð með rafknúnum halla og lengdarjöfnun en ferlið er hið sama fyrir allar rafknúnar fótstöðir.



Handvirkar fótstoðir

1. Fjarlægjið lásskrúfuna (1).
2. Stillið neðri hluta fótstoðarinnar þar til æskilegri stöðu er náð.
3. Setjið lásskrúfuna (1) aftur í.
4. Endurtakið sama ferlið fyrir hina fótstoðina.



4.2.2. HALLASTILLING Á FÓTSTOÐUM

Rafknúnar fótstoðir

1. Losið um rærnar (1).
2. Snúið stilliskrúfunni (2) rangsælis til að þrengja hornið og réttisælis fyrir víðara horn.
3. Herðið róna (1).



Handvirkar fótstoðir

1. Hallinn á fótstoðinni er stilltur með því að losa um skrufurnar (1) á fótstoðinni og færa fótstoðina í æskilega stöðu.



4.2.3. HALLI FÓTSTOÐAR

Rafknúnar fótstoðir:

Halli rafknúinnar fótstoðar er stilltur með stýripinna. Sjá kafla 5.2.4 um notkun stýripinnans.

Handvirkar fótstoðir

1. Fjarlægjið læsiklemmuna (1) undir sætinu.
2. Setjið fótstoðirnar (2) í rétta stöðu.
3. Herðið læsiklemmuna (1).
4. Endurtakið ferlið fyrir hina fótstoðina.



4.2.4. STILLING Á BREIDD MILLI FÓTSTOÐA Handvirkar fótstoðir

1. Losið um festiskrúfuna (1).
2. Færið fótstoðina til hliðar.
3. Herðið festiskrúfuna (1).
4. Endurtakið ferlið fyrir hina fótstoðina.



4.2.5. FÓTSTOÐIR FJARLÆGÐAR OG PEIM SNÚID

ATHUGIÐ

Þetta á við um handvirkar fótstoðir.

- Hægt er að snúa fótstoðinni út með því að lyfta henni upp úr festingunni og snúa henni út.
- Hægt er að taka fótstoðina af stólnum með því að lyfta henni upp og úr festingunni.

4.3. Stilling stýripinnans

Til að tryggja hámarksþægindi er mikilvægt að stýripinninn sé á réttum stað miðað við handlegg notandans.

Balder Finesse og Junior

1. Losið um skrúfurnar (1 og 2).
2. Stillið staðsetningu festingarinnar eftir því hversu framarlega stýripinninn þarf að vera á sætisarminum.
3. Herðið skrúfurnar (1 og 2).



ATHUGIÐ

Losa verður um báðar skrúfurnar til að geta fært stýripinnann fram og aftur en til að stilla hallann þarf aðeins að losa um skrúfu, (2) stjörnuskrúfjárn nægir.

4.4. Stilling á sveiflufirni fyrir stýripinna (valfrjáls aukabúnaður)

ATHUGIÐ

Stýripinnann er hægt að lækka að hámarki 20 mm frá hæstu stöðu.

ATHUGIÐ

Eftir að stýripinninn hefur verið stilltur þarf að tryggja að hægt sé að snúa framlengingunni án þess að hún snerti annan búnað hjólastólsins og að snúrurnar geti hreyfst óhindrað.

ATHUGIÐ

Þegar stopppunkturinn er stilltur þarf að gæta þess að fjarlægja ekki innsiglið.

Framlenging skorðuð

1. Færið stýripinnann varlega til um leið og sexkantsskrúfan (1) er hert.
2. Þegar notanda finnst stýripinninn vera orðinn vel skorðaður þarf ekki að herða skrúfuna meira.

ATHUGIÐ

Ekki herða skrúfurnar svo mikið að þær nái botni.



Hæðarstilling framlengingar

1. Skorðið stýripinnann.
2. Losið um skrúfuna (1).
3. Hækkið eða lækkið stýripinnann.
4. Herðið skrúfuna (1).



Dýptarstilling framlengingar

1. Skorðið stýripinnann.
2. Losið um skrúfurnar (2).
3. Setjið stýripinnann/framlenginguna á æskilegan stað.
4. Herðið skrúfurnar (2).



Stilling stoppunkts

1. Losið um sexkantsskrúfurnar tvær (1), eina á hvorri hlið.
2. Settu stýripinnann/framlenginguna á æskilegan stað
3. Herðið skrúfurnar.



4.5. Stilling höfuðpúðans (valfrjáls aukabúnaður)

Til að tryggja hámarksþægindi er mikilvægt að stilla höfuðpúðann rétt. **Balder Finesse og Junior:**

ATHUGIÐ

Svo hægt sé að ná réttri dýpt er mikilvægt að hæðin sé rétt stillt í hlutfalli við beygjuhornið.

Á höfuðpúðanum eru þrjú beygjuhorn sem hægt er að stilla eftir þörfum. Með því að losa um skrúfurnar (1) er hægt að stilla halla, hæð og fjarlægð frá sætisbakinu. Setjið höfuðpúðann í rétta stöðu og herðið skrúfurnar.



5. NOTKUN STÓLSINS



DANGER

If the chair is exposed to direct sunlight or other heat sources, there may be a risk of burning.

5.1. Gangsetning, venjuleg notkun og slökkt á stólnum

5.1.1. GANGSETNING HJÓLASTÓLSINS

Virkni

Balder Junior og Finesse

Gætið þess að handföngin séu í notkunarstöðu (1).
Ýtið á aflrofann (A).

Ef stóllinn er læstur skal ýta á aflrofann (A) og halda honum niðri lengur en fjórar sekúndur til að aflæsa stólnum.

REM400 stýripinni

REM216 stýripinni



5.1.2. SLÖKKT Á HJÓLASTÓLNUM

Ef stóllinn er læstur skal ýta á aflrofann (A) og halda honum niðri lengur en fjórar sekúndur til að aflæsa stólnum.
Slökkt er á stólnum með því að ýta á aflrofann (A).

**5.1.3.
NOTKUN**

Við akstur í halla sem er meiri en 6 gráður verður að hafa í huga að það hefur áhrif á stöðugleika stólsins og hættu er á að hann velti.



Aldrei skal slökkva á stólnum á ferð því þá stöðvast hann harkalega.

ATHUGIÐ

Þegar stýripinnanum er sleppt fer hann sjálfkrafa aftur í sjálfgefna stöðu og hjólastólinn nemur staðar. **ATHUGIÐ**

Gott er að forðast að beina athyglinni að höndinni og hreyfingum hennar þegar ferðast er um í stólnum svo að ferðin verði þægileg eins lengi og auðið er.

1. Veljið forrit með því að ýta á kerfisvalrofann.
2. Stýrið stólnum með stýripinnanum. Eftir því sem hreyfingarnar á stýripinnanum eru mýkri eru hreyfingar stólsins mýkri.

| Aðgerð | REM216 stýripinni | REM400 stýripinni |
|--|----------------------|----------------------|
| 1. Kveikið á hjólastólnum. | | |
| 2. Athugið sætisvirknina með því að ýta á kerfishnappinn. | | |
| 3. Færið stýripinnann til hliðar til að velja aðgerð. | | |
| 4. Færið stýripinnann fram og aftur til að athuga aðgerðina. | | |
| 5. Athugið aksturseguleikana með því að ýta á kerfishnappinn. | | |
| 6. Færið stýripinnann fram og akið fyrstu metrana af varúð til að kanna hvort stólinn virkar sem skyldi. | | |

5.1.4. NOTKUN AÐSTOÐARSTÝRINGAR (VALFRJÁLS AUKABÚNAÐUR)

Hægt er að setja aðstoðarstýringu og neyðarstöðvun upp í hjólastólum frá Balder, bæði til varanlegrar notkunar og sem búnað sem hægt er að fjarlægja.

Aðstoðarstýring með neyðarstöðvun

Notið aðgerðaborðið (1) fyrir rafknúnar aðgerðir á borð við sætishækkun, sætishalla og sætisbakshalla. Ýtið handföngunum (2) niður til að færa stólinn áfram og lyftið þeim upp til að fara aftur á bak. Snúið stólnum með því að hreyfa handföngin (2) til vinstri eða hægri, ásamt því að aka áfram eða aftur á bak. Stjórníð hraðanum með því að snúa viðnámsknappinum (3). Notið veltirofann (4) til að velja hvort stólnum er stýrt af notanda eða aðstoðarmanni. Til að virkja neyðarstöðvun er ýtt á neyðarstöðvunarrofann. Snúið hnappinum til að afvirkja neyðarstöðvun.



5.1.5. AKSTURSVÉGALENGD

Drægi getur verið mismunandi eftir vörum. Baldertech mælir drægi með samræmdum hætti en þó getur einhver breytileiki verið til staðar. Uppgefin gildi samræmast ISO-staðli 7176. 4. hluta: Fræðilegt drægi miðað við orkunotkun hjólastólsins. Einn eða fleiri eftirtalinna þátta geta lækkað uppgefin hámarksgildi:

- Heildarþyngd eða þyngd notanda er of mikil
- Gamlar eða slitnar rafhlöður
- Ójafnt undirlag með mismunandi núning
- Rangur loftþrýstingur í einu eða fleiri dekkjum stólsins ef hann er með þrýstiloftsdekk
- Oft er kveikt og slökkt á stólnum.
- Mjög heitt eða kalt umhverfi
- Notkun rafknúinna aukahluta

5.2. Hefðbundnar sætisaðgerðir

! HÆTTA

Hjólástóllinn er flókinn í uppbyggingu. Því er möguleiki á að festa t.d. fingur í búnaði stólsins í ógáti ef fyllstu varúðar er ekki gætt.

5.2.1. SÆTISHALLI

Með eiginleika fyrir sætishalla getur notandinn stillt horn sætiseiningarinnar í heild sinni; þ.e. afstaða milli sætisbaks og sessu verður áfram óbreytt.

REM216 stýripinni

1. Ýtið á hnapp fyrir sætisvirkni, hjólástóllinn fer í sætisvirknistillingu og stöðuljós drifs/hreyfiliða lýsir með rafgulum lit. Ýtið á valhnappa
2. fyrir sætisvirkni eða færið stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisvirkni lýsir.
3. Færið stýripinnann fram og til baka til að breyta horni sætiseiningarinnar.



REM400 stýripinni

- Veljið sætisskjámyndina sem sýnir sætisvirknina sem óskað er að stjórna með því að nota fjölnotahnapp II.
- Ýtið á fjölnotahnapp II eða færið stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisvirkni lýsir.
- Færðu stýripinnann fram og til baka til að breyta horni sætiseiningarinnar.



DANGER

Tilt function forward from horizontal position must only be used indoors and on a flat surface.

5.2.2. SÆTISBAK

Hallanum á sætisbakinu með er breytt með hnappi fyrir

sætisvirkni.

REM216 stýripinni

1. Ýtið á hnapp fyrir sætisvirkni, hjólástóllinn fer í sætisvirknistillingu og stöðuljós drifs/hreyfiliða lýsir með rafgulum lit.
2. Notið valhnappa fyrir sætisvirkni eða færið stýripinnann til vinstri og hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisvirkni lýsir.
3. Færið stýripinnann fram og til baka til að breyta halla sætisbaksins.



REM400 stýripinni

1. Veldu sætisskjáinn með sætisvirkninni sem þú vilt stjórna með því að nota fjölnotahnapp II.
2. Ýttu á fjölnotahnapp II eða færðu stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisaðgerð lýsir.
3. Færðu stýripinnann fram og til baka til að breyta halla sætisbaksins.



5.2.3. VINSTRI FÓTSTOÐ/LENGDARJÖFNUN

Balder-hjólástólar eru fánlegir með mismunandi fótstöðum. Virkni vinstri fótstoðarhnappsins fer eftir því hvaða fótstöð er á hjólástólnum.

REM216 stýripinni

- Ýtið á sætisvirknihnappinn, hjólastóllinn fer í sætisvirknistillingu og stöðuljós drifs/hreyfiliða logar með rafgulum
- lit. Ýtið á valhnappa fyrir sætisvirkni eða færið stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisvirkni lýsir.
 - Færið stýripinnann fram og til baka til að breyta horni vinstri fótstoðar eða lengd miðjufótstoðar.



REM400 stýripinni

- Veldu sætisskjáinn með sætisvirkninni sem þú vilt stjórna með því að nota fjölnotahnapp II.
- Ýtið á fjölnotahnapp II eða færið stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisvirkni lýsir.
- Færðu stýripinnann fram og til baka til að breyta horni vinstri fótstoðar eða lengd miðjufótstoðar.



5.2.4. HÆGRI FÓTSTOÐ/HALLI FÓTSTOÐAR

Balder-hjólastólar eru fánlegir með mismunandi fótstöðum. Virkni hægri fótstoðarhnappsins fer eftir því hvaða fótstoð er á hjólastólnum.

REM216 stýripinni

- Ýtið á sætisvirknihnappinn, hjólastóllinn fer í sætisvirknistillingu og stöðuljós drifs/hreyfiliða logar með rafgulum
- lit. Ýtið á valhnappa fyrir sætisvirkni eða færið stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisvirkni lýsir.
 - Færið stýripinnann fram og til baka til að breyta horni hægri fótstoðar eða horni miðjufótstoðar.



REM400 stýripinni

- Veljið sætisskjáinn með sætisvirkninni sem ætlunin er að stjórna með því að nota fjölnotahnapp II.
- Ýtið á fjölnotahnapp II eða færið stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisaðgerð lýsir.
- Færið stýripinnann fram og til baka til að breyta horni hægri fótstoðar eða horni miðjufótstoðar.



5.2.5. HÆKKUN Á SETU

Hæð sætisins er breytt með því að nota sætishækkunaraðgerðina.

REM216 stýripinni

- Ýtið á sætisvirknihnappinn, hjólastóllinn fer í sætisvirknistillingu og stöðuljós drifs/hreyfiliða logar með rafgulum lit. Ýtið á valhnappa
- fyrir sætisvirkni eða færið stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisvirkni lýsir.
 - Færið stýripinnann fram og til baka til að breyta hæð sætisins.



REM400 stýripinni

- Veljið sætisskjámyndina sem sýnir sætisvirknina sem óskað er að stjórna með því að nota fjölnotahnapp II.
- Ýtið á fjölnotahnapp II eða færið stýripinnann til vinstri eða hægri nokkrum sinnum þar til viðeigandi sætisvirkni lýsir.
- Færið stýripinnann fram og til baka til að breyta hæð sætisins.



Hugsanlega má einnig finna aðrar samsetningar af þessum aðgerðum í sætisvalmyndinni.

5.3. Eiginleiki fyrir

standandi stöðu. Húsnáðar af þessum Balder Finesse og Balder Junior eru fánlegir með standeiginleika. Lesið þennan kafla ef hann á við hjólastólinn.



DANGER

When in standing position, the wheelchair must only be used indoors and on a flat surface.

ATHUGIÐ

Upphafsstaðan er sú staða sem stólinn mun fara aftur í þegar farið er til baka úr standandi stöðu.

ATHUGIÐ

Mikilvægt er að stilla fótstöðina í rétta stöðu áður en skipt er yfir í standandi stöðu, þar sem ekki er hægt að stilla fótstöðina þegar búið er að setja stólinn í þessa stöðu.

ATHUGIÐ

Ef eiginleiki fyrir standandi stöðu er virkjaður úr láréttri stöðu má ekki koma stuðningspúðanum fyrir fráfarsluhreyfingu fyrir fyrr en fótleggir eru komnir aftur í lárétta stöðu.

ATHUGIÐ

Þegar stuðningsfætur hafa verið virkjaðir stöðvast eiginleikinn fyrir standandi stöðu í stutta stund þar til stuðningsfæturnir eru komnir á réttan stað. Ef ekki er hægt að virkja stuðningsfæturna sjálfkrafa blikkar grænt ljós á stjórnborði eiginleika fyrir standandi stöðu. Í slíkum tilvikum skal fara til baka í upphafsstöðu, færa stólinn lítillega til og reyna aftur.

ATHUGIÐ

Þegar stóllinn er í standandi stöðu er eingöngu hægt að stilla bakið, og það aðeins að takmörkuðu leyti. Af öryggisástæðum eru bæði fótstöðin og eiginleikar til að reisa stólinn upp og halla honum óvirkir meðan stóllinn er í uppréttri stöðu.

ATHUGIÐ

Hægt er að forrita stólinn þannig að ekki er hægt að stjórna bakinu eða stilla það meðan stóllinn er í standandi stöðu.

ATHUGIÐ

Festingar fyrir standandi stöðu, hnjúpúði og belti yfir brjóstkassa koma ekki í staðinn fyrir öryggisbelti þegar ferðast er í bíl. Tryggja skal að allar festingar séu réttar áður en eiginleikinn fyrir standandi stöðu er notaður.

Eiginleiki fyrir standandi stöðu

1. Færið sætið og bakið í áskilda upphafsstöðu (sjá kafla 5.2.1 og 5.2.2)
2. Færið fótstöðina í áskilda upphafsstöðu (sjá kafla 5.2.3 og 5.2.4)
3. Virkið sætishækkunaraðgerðina (sjá kafla 5.2.5).
4. Lyftið sætinu þar til réttri hæð er náð. Rétt hæð er gefin til kynna með gulu ljósi sem logar á aðgerðaborði eiginleika fyrir standandi stöðu (1).
5. Ýtið neðri hluta láspinnans upp þannig að hann vísi beint út (2a). Þræðið sylgjuna á hjálpúðanum inn í festinguna. Ýtið láspinnanum aftur á bak þannig að hann vísi beint upp, breiðasti hluti láspinnans á að snúa niður. Láspinninn er nú í læstri stöðu og nú er hægt að nota hjálpúðann í standandi stöðu (2b). Hjálpúði þarf að sitja þétt fyrir neðan hnén.
6. Setjið beltíð yfir brjóstkassann (3) og herðið það vel.
7. Virkið eiginleika fyrir standandi stöðu með því að halda niðri rofa fyrir standandi stöðu (4).
8. Færið stólinn í upprétta stöðu, stuðningsfætturnir (5) fara sjálfkrafa niður þegar sætishornið fer yfir 15 gráður. Grænt ljós (6) kviknar þegar stuðningsfætturnir eru virkjaðir.

Farið aftur í upphafsstöðu

1. Haldið rofanum (7) inni til að óvirkja standandi stöðu og fara til baka í upphafsstöðu.



5.4. Truflanir

ATHUGIÐ

Þegar stóllinn er virkjaður er hugsanlegt að hann truflí rafmagnstæki sem innihalda þráðlausan sendi- eða móttökubúnað.

Ef stóllinn stöðvast skal athuga sjálfvirka öryggið eins og lýst er í kafla 5.4.1. Ef nauðsynlegt er að ýta stólnum er hægt að aftengja hann eins og lýst er í kafla 5.4.2.

Nánari upplýsingar eru í kafla 9, einnig er hægt að hafa samband við söluaðila ef þörf er á aðstoð.



HÆTTA

Ekki má nota önnur tæki um leið og rafmagnshjólástóllinn er í notkun. Með því er til dæmis átt við að hlaða rafhlöðuna, hlaða farsíma, fartölvu o.s.frv.

5.4.1. ATHUGUN Á SJÁLFVIRKU ÖRYGGI

Aðalrofinn/öryggið er bak við hlíf hægra megin á undirvagninum. Hann er merktur „aðalrofi“/„aðalöryggi“ og einnig með rafmagnstákni. Með því að renna hlífinni til (sjá mynd) er hægt að komast að örygginu/útslættarofanum.

Junior og Finesse

Ýtið rofanum upp til að virkja. Ýtið á rofann til að óvirkja.



5.4.2. HEMLAR/DRIFMÓTOR AFTENGDU

HÆTTA

Ekki má aftengja stólinn í halla, það getur valdið því að hann rúlli af stað!

ATHUGIÐ

Þegar hemlar/drifmótor er aftengdur ætti að slökkva á stólnum.

Ef nauðsynlegt reynist að færa stólinn án þess að nota rafbúnaðinn þarf að aftengja hemlana/drifmótorinn.

Junior og Finesse

Aftengingarrofarnir eru framan á hjólastólnum.



Stóllinn aftengdur: Ýtið rofunum tveimur (1) niður þar til þeir komast ekki lengra.

Stóllinn tengdur: Ýtið rofunum tveimur (1) upp þar til þeir komast ekki lengra.



VIÐVÖRUN

Ekki má skilja hjólastólinn eftir í ólæstri stöðu meðan notandi situr í honum.

6. HJÓLASTÓLL ÁSAMT NOTANDA - FLUTNINGUR Í BÍL



HÆTTA

Ganga skal úr skugga um að bíllinn sé útbúinn með þeim hætti að henti fyrir farþega í hjólastól, einnig skal tryggja að sú aðferð sem notuð er við að fara inn og út úr bílnum henti þeirri tegund hjólastóls sem um ræðir.

Burðarþol bílgólfsins þarf að vera nægilegt til að þola samanlagða þyngd notandans, hjólastólsins og fylgihluta.

Festa skal hjólastólinn með öruggum hætti þannig að hann vísi fram á við. Þessi hjólastóll er prófaður samkvæmt ISO 7176-19, til notkunar í ökutækjum og uppfyllir kröfur sem eiga við um flutninga í framvísandi stöðu og árekstra þar sem framhlutar ökutækja lenda saman.

Hjólastóllinn hefur ekki verið prófaður hvað varðar flutninga sem ekki eru í framvísandi stöðu

ATHUGIÐ

Nota skal WTORS-búnað í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda WTORS-búnaðarins.

Útskýring á hugtakanotkun: WTORS = Festingarbúnaður fyrir hjólastól og notanda (Wheelchair Tie-down Occupant Restraint System) sem uppfyllir ISO staðla 7176-19 og 10542. Þetta er skilgreint sem heilt kerfi sem samanstendur af búnaði til að festa hjólastólinn og öryggisbelti fyrir notandann. Skammstöfunin WTORS verður notuð í þessari handbók.



HÆTTA

Eingöngu er hægt að festa hjólastólinn með festipunktunum á grind hjólastólsins

Festipunktarnir (tveir að framan, tveir að aftan) eru merktir með festingartákninu.

Ekki má festa hjólastólinn við neins konar aukabúnað (klofspyrnu, sætisarm, hallavarnarfestingar o.s.frv.).

Ekki má gera neinar breytingar eða útskiptingar á festipunktum/bilfestingum hjólastólsins sem ætlaðar eru fyrir tengikerfi eða fjögurra punkta festibúnaðarkerfi, né heldur á uppbyggingu hjólastólsins eða neinum hlutum grindarinnar án þess að leita ráðgjafar hjá framleiðanda.

Festingar eru á hjólastólnum - tvær að framan (1) og einn hringur (2) að aftan. Festingarnar eru merktar með táknnum eins og sýnt er á skýringarmynd.

Að framan



Að aftan



6.1. Almennar leiðbeiningar um bílbelti fyrir notendur hjólastóla

- Nota skal þrjú punkta bílbeltakerfi til að tryggja öryggi notandans.
- Nota verður belti sem fer bæði yfir mjaðmir og brjóstkassa til að draga úr hættu á höggi á höfuð og brjóstkassa af völdum íhluta bifreiðarinnar.
- Bílbeltin skulu vera fest á viðeigandi burðarstoðir í bílnum.
- Nota skal rétt staðsettan höfuðpúða þegar setið er í hjólastól í bíl.
- Öryggisbelti sem fest eru í hjólastólinn sjálfan (t.d. mjaðmabelti) veita ekki nægilegt öryggi fyrir notanda í bíl á ferð.
- Öryggisbelti eiga að snerta öxl, brjóstkassa og mjaðmagrind, mjaðmabelti eiga að sitja neðarlega á mjaðmagrindinni nálægt mótum læris og kviðar (mæta kröfum sem tilgreindar eru í ISO 7176-19: 2008).
- Öryggisbeltið sem fer yfir búkinn verður að fara yfir miðpunkt axlarinnar og yfir brjóstkassann eins og sýnt er á myndinni
- Öryggisbelti verður að festa eins þétt og hægt er án þess að það valdi notanda óþægindum.
- Gætið þess að ekki snúist upp á öryggisbelti við notkun.
- Þegar öryggisbeltið er sett á notandann skal gæta þess að staðsetja sylgjuna þannig að við akstur eða árekstur sé engin hættu á að neinir hlutar hjólastólsins geti komist í snertingu við hnappinn sem losar beltíð.
- Sætisarmar eða hjól hjólastólsins mega ekki koma í veg fyrir að öryggisbeltið liggi þétt að notandanum.

!
rmy
nd
af öryggisbelti sem er ekki vel staðsett

SÆTISARMAR EDA HJÓL HJÓLASTÓLSINS
MEGA EKKI KOMA Í VEG FYRIR AÐ
ÖRYGGISBELTIÐ LIGGI ÞÉTT AÐ
NOTANDANUM.

Skýringarmynd af öryggisbelti sem er vel
staðsett
ÖRYGGISBELTI EIGA AÐ SNERTA OXL,
BRJÓSTKASSA OG MJADMAGRIND,
MJADMABELTI EIGA AÐ SITJA
NEDARLEGA Á MJADMAGRINDinni
NÁLÆGT MÓTUM LÆRIS OG KVIDAR.

Skýr
inga



6.2. Stóllinn festur í bíl með fjögurra punkta festibúnaði

HÆTTA

Ávallt skal ganga úr skugga um að stóllinn sé tryggilega festur við flutninga. Gangið alltaf úr skugga um að festibúnaðurinn sem notaður er sé samþykktur til að flytja stóllinn í bíl.

Festa verður böndin við festihringina á stólnum til að festa stóllinn í bílnum.

ATHUGIÐ

Q-festingakerfið má sjá á skýringarmyndunum.


Handvirkar festingar

1. Festa skal og herða fremri böndin (1) við festipunktana framan á hjólastólnum. Eitt band er fyrir hvora hlið. Þegar stóllinn er kominn í rétta stöðu eru böndin komin á réttan stað.
2. Festa skal og herða aftari böndin (2) við festihringinn (3) aftan á hjólastólnum.
3. Tryggja skal að böndin séu rétt fest þannig að stóllinn hreyfist ekki.
4. Ýtið læsingunni niður til að læsa stólnum í þessari stöðu.



DANGER

When fitted, tie-down straps angles should be as shown below.



Æskileg horn fyrir festibönd að framan


Æskileg horn fyrir festibönd að aftan



HÆTTA

Hvernig rétt er að staðsetja öryggisbelti notanda við notkun með fjögurra punkta festibúnaði:

Mjaldmabeltið á að sitja neðarlega yfir framanverða mjaldmagrindina og horn mjaldmabeltisins á að vera í 30° til 75° horni við lárétta línu. Æskilegt er að hafa hornið þrengra innan þessa bils, þ.e.a.s. frá 45° til 75°, en hornið má aldrei vera þrengra en 75°.



L-V-1 fHtTfIM JKmW
3sS3 kjörsvæði

Æskilegt horn og kjörhorn fyrir staðsetningu mjaðmabeltis

6.3. Notkun tengikerfis (valfrjáls aukabúnaður)

1 Til þess að aflæsa skal keyra hjólastólinn fram á við til að aflétta þrýstingi af láspinnanum.

HÆTTA

Vottaður uppsetningaraðili skal setja upp klemmueininguna og stilla hana þannig að hún henti viðkomandi hjólastól í samræmi við lýsingar á þeim festingum sem notaðar eru.

VIÐVÖRUN

Ekki má aka bílnum:

- Á meðan verið er að koma hjólastólnum í rétta stöðu í tengistöðinni.
- Ef festingar fyrir hjólastól og öryggisbelti fyrir notanda eru ekki fest með öruggum og réttum hætti.
- Ef vísbendingar eru um að klemman virki ekki sem skyldi.

- Áður en öryggisbelti notandans er fest og hert.

6.3.1. DAHL-TENGIKERFI

Samhæft við MKII-tengistöð og VarioDock, nánari upplýsingar eru í uppsetningarleiðbeiningum.



Ekki má aka bílnum fyrr en hjólastóllinn er kominn í rétta stöðu, þetta er gefið til kynna með grænu ljósi á stjórnborði bílsins.

ATHUGIÐ

Ávallt skal ganga úr skugga um að læsiplatan sé tryggilega fest í tengistöðinni, það er gert með því að reyna að bakka hjólastólnum út úr tengistöðinni áður en bíllinn fer af stað. (Ekki á að vera hægt að bakka út úr tengistöðinni án þess að þrýsta á rauða losunarhnappinn á stjórnborðinu).



Stóllinn festur við tengistöðina

1. Stýrið hjólastólnum jafnt og rólega yfir tengistöðina (1). Læsiplatan (2) undir hjólastólnum auðveldar að stýra hjólastólnum á réttan stað í tengistöðinni. Þegar læsiplatan hefur tengst tengistöðinni sér sjálfvirkur láspinni með gormi (3) um að festa læsiplötuna við hana.
2. Á tengistöðinni er stýrirofi sem gefur til kynna hvort læsiplatan er rétt fest í tengistöðinni. Um leið og læsiplatan snertir láspinnann heyrir aðvörunarhljóð (hátiðnihljóð) og rauða ljósið (4) á stjórnborðinu lýsir þar til læsiplatan hefur verið fulltengd við tengistöðina eða þangað til hjólastóllinn er fjarlægður úr tengistöðinni.
3. Þegar hjólastóllinn hefur verið festur með réttum hætti stöðvast aðvörunarhljóðið, það slokknar á rauða ljósinu á stjórnborðinu og það kviknar á græna ljósinu (5).



Stóllinn fjarlægður úr tengistöðinni

VIÐVÖRUN



Ef reynt er að bakka hjólastólnum út úr tengistöðinni áður en kviknað hefur á rauða LED-ljósinu truflar það læsibúnað tengistöðvarinnar sem gerir það að verkum að ekki er hægt að bakka stólnum út. Ef það gerist skal endurtaka aflæsingarferlið sem lýst er hér að ofan.



ATHUGIÐ

Handvirk losun við rafmagnsbilun:

Handvirk neyðarlosun (1) er staðsett á fremri brún tengistöðvarinnar.

1. Færið hjólastóllinn áfram til að taka þrýstinginn af láspinnanum, ýtið rauða losunarpinnanum til hliðar og haldið honum þar á meðan hjólastóllinn er losaður frá tengistöðinni.
2. Einnig er hægt að setja upp handvirka stjórnstöng með snúru (aukabúnaður). Rauða losunarpinnanum er einnig ýtt til hliðar og á að vera þar á meðan hjólastóllinn er losaður frá tengistöðinni.



Ef þessar handvirku aðferðir sem hér er lýst virka ekki fylgir rautt plastáhald til neyðarlosunar með hverri tengistöð. Það skal nota sem hér segir:


1. Færið hjólastólinn áfram til að taka þrýstinginn af láspinnanum.
2. Setjið neyðarlosunaráhaldið í bilið milli læsiplötunnar og tengistöðvarinnar.
3. Ýtið losunaráhaldinu og hjólastólnum fram á við þar til láspinninn hefur verið þvingaður niður - eftir það er hægt að bakka hjólastólnum úr tengistöðinni.



HÆTTA

- Hvernig rétt er að staðsetja öryggisbelti notanda við notkun með Dahl-tengikerfum:

Pegar hjólastóll er notaður með Dahl-tengikerfum eiga festipunktar í gólfi fyrir öryggisbelti notanda að vera 10 - 60 mm utan við hjólin hvoru megin. Mjaðmabeltið á að sitja neðarlega yfir framanverða mjaðmagrindina og horn mjaðmabeltisins á að vera í 30° til 75° horni eins og sýnt er á myndinni. Æskilegt er að hafa hornið þrengra innan þessa bíls, þ.e.a.s. frá 45° til 75°, en hornið má aldrei vera þrengra en 75°.



Æskilegt horn og kjörhorn fyrir staðsetningu mjaðmabeltis

6.3.2. BALDER-TENGIKERFI



Ekki má aka bílnum fyrr en hjólastóllinn er kominn í rétta stöðu, þetta er gefið til kynna með grænu ljósi á stjórnborði stólsins.

Ef ekki tekst að losa hjólastólinn úr klemmueiningunni blikkar rautt ljós í 90 sekúndur eftir fimm tilraunir og klemmueiningin er óvirk á meðan ljósið blikkar, þetta er til að koma í veg fyrir að segulliðinn ofhitni. Að þessum 90 sekúndum liðnum verður klemmueiningin virk á ný.

ATHUGIÐ

Handvirkur sleppibúnaður er til staðar. Hann er staðsettur aftan á stólnum, ýta skal stönginni niður meðan stóllinn er losaður úr festingunni með stýripinnanum eða handvirkt.

Stóllinn festur við tengistöðina

1. Keyrið stólinn inn í tengistöðina (1).
2. Þegar stóllinn er kominn í rétta stöðu kviknar grænt ljós (2) á stjórnborðinu sem sýnir bílfestinguna.


Stóllinn fjarlægður úr tengistöðinni

1. Til að fjarlægja stólinn skaltu halda rofanum (4) á stjórnborðinu niðri þar til grænt ljós fer að blikka (2).
2. Taktu um stýripinnann. Rautt ljós kviknar þegar stólnum hefur verið sleppt (3).
3. Losaðu stólinn frá tengistöðinni innan þriggja sekúndna. Það slokknar á gaumljósinu (2) þegar stóllinn er laus úr tengistöðinni



ATHUGIÐ

Ef stóllinn er ekki færður úr tengistöðinni innan þriggja sekúndna eða ákveðið er að hafa hann áfram í tengistöðinni læsist hann aftur við bílfestinguna, græna ljósið (2) kviknar ef stóllinn er í réttri stöðu. Endurtakið þetta ef þörf er á.






HÆTTA

Hvernig rétt er að staðsetja öryggisbelti notanda við notkun með Balder-klemmueiningunni:

Festipunktur í gólfi fyrir öryggisbelti notanda ætti að vera 10 - 60 mm utan við hjólin hvoru megin. Mjaðmabeltið á að sitja NEDARLEGA yfir framanverða mjaðmagrindina og horn mjaðmabeltisins á að vera í 30° til 75° horni eins og sýnt er á myndinni. Æskilegt er að hafa hornið þrengra innan þessa bils, þ.e.a.s. frá 45° til 75°, en hornið má aldrei vera þrengra en 75°.



Æskilegt horn og kjörhorn fyrir staðsetningu mjaðmabeltis

6.4. Ferðast með flugvél

ATHUGIÐ

Balder-hjólástólar koma í ýmsum útfærslum, því er hugsanlegt að búnaður sé til staðar, til viðbótar við það sem lýst er hér, sem þarf einnig að fjarlægja.

Balder-hjólástólar virka með Sonnenschein „dryfit“ gelraflöðum. Þessar rafhlöður eru samþykktar samkvæmt reglugerðum IATA um hættuleg efni - þökkunarleiðbeiningar 806 og sérákvæði A67. Rafhlöðurnar verða að vera merktar með IATA-merkjum. Þetta þýðir að rafhlöðurnar eru samþykktar til flutninga með flugvél. Ef upp kemur einhverra hluta vegna sú staða að aftengja verði aflgjafann af skautum rafhlaðanna skal fylgja leiðbeiningum um hvernig fjarlægja beri rafhlöður í kafla 8.2.5.

6.4.1. UNDIRBÚNINGUR FYRIR FLUGFERÐ

Nauðsynlegt er að grípa til ákveðinna aðgerða áður en hlutir eru fjarlægðir til að tryggja að stólinn taki eins lítið pláss og hægt er meðan hann er í flugvélinni.

1. Stillið sætishallann með stjórnborðinu þannig að sætispúðinn sé nokkurn veginn láréttur.
2. Stillið bakið þannig það myndi um það bil 110 gráðu horn við sætið.
3. Færið rafknúnu fótstöðirnar upp og inn á við eins langt og hægt er án þess að þær lendi í gólfinu
4. Færið sætið eins langt niður og hægt er.
5. Slökkið á rafmagnsaðgerðum með aflrofanum á stjórnborðinu.

Nánari upplýsingar eru í „Use and Transport“ (notkun og flutningur) á www.baldertech.com.

7. GEYMSLA VIÐVÖRUN



Ekki má láta rafhlöðurnar standa tómar um lengri tíma. Ef geyma á stólinn um lengri tíma þarf að fullhlaða rafhlöðurnar einu sinni í mánuði.

Balder-hjólástólinn verður að geyma á þurrum stað, varinn fyrir veðri og vindum og helst innanhúss. Ef stóllinn er hafður í geymslu um lengri tíma án þess að hann sé notaður þarf að

aftengja rafhlöðurnar.

8. VIÐHALD

| Aðgerð | Tíðni |
|--|--|
| Rafhlöður í hleðslu | 8 klukkustundir á sólarhring |
| Ráðlagt millibil milli þess að þjónustusköðun er framkvæmd | Eftir hverja 2.500 klukkustunda notkun / einu sinni á ári / eftir þörfum |
| Þrif á grind og yfirborðsflötum | Eftir þörfum |
| Þrif á sætum | Eftir þörfum |

8.2. Viðhald

8.2.1. RAFHLÖÐUR HLAÐNAR



VIÐVÖRUN

Ekki má láta rafhlöðurnar standa tómar um lengri tíma. Ef geyma á stólinn um lengri tíma þarf að fullhlaða rafhlöðurnar einu sinni í mánuði.

Ekki skal skilja stólinn eftir þannig að hleðslutækið sé tengt við stólinn en ekki við afgang, en þá fer hleðslan smám saman af rafhlöðunum.

ATHUGIÐ

Ráðlagt er að hlaða stólinn í átta klukkustundir á sólarhring til að tryggja hámarksafköst rafhlaðanna. Ef það er ekki hægt skal tryggja að stóllinn sé fullhlaðinn að minnsta kosti einu sinni í viku.

ATHUGIÐ

Ráðlagt er að farga ónýtum rafhlöðum á viðeigandi móttökustöð til að tryggja að þeim verði fargað með réttum hætti.

Aðeins skal nota hleðslutækið sem fylgir hjólastólnum, gæta skal þess að fylgja notendahandbók hleðslutækisins en þar má finna upplýsingar um hvernig hlaða skal rafhlöðurnar. Hleðslutengið er á sama stað fyrir báðar tegundir stýriþinna (Dolphin og Europa).

ATHUGIÐ

Engin áhætta fylgir því að hafa hleðslutækið tengt við hjólastólinn svo framarlega sem kveikt er á því. Það tryggir að rafhlöðurnar séu fullhlaðnar og hleðslu þeirra sé viðhaldið.

ATHUGIÐ

Þegar tvö rauð ljós birtast við rafhlöðuvísinn eru um það bil 2 km eftir á rafhlöðunum. Til að koma í veg fyrir skemmdir á rafhlöðum skal hlaða hjólastólinn þegar eitt rautt ljós blikkar á rafhlöðuvísinum.

ATHUGIÐ

Notandi má ekki gera við neina hluta tækisins.


Þegar hlaða skal rafhlöðurnar

1. Gangið úr skugga um að slökkt sé á stólnum.
2. Tengjið snúru hleðslutækisins við hleðslutengið (A)
3. Tengjið aflsnúruna við aflgjafann

Þegar

rafhlöðurnar eru fullhlaðnar

1. Takið hleðslutækið úr sambandi við rafmagn.
2. Takið hleðslutækið úr hjólastólnum (A)



8.2.2. ÞRIF Á GRIND OG YFIRBORÐSFLÖTUM

Stóllinn er þrífinn með mildu sápuvatni eftir þörfum.

8.2.3. ÞRIF Á SÆTUM

Sæti skal þrifa eftir þörfum; sjá hreinsunarleiðbeiningar sem saumaðar eru á sætisþúða.

8.2.4. SÆTIÐ LOSAD

Ef slökkt er á stólnum og nauðsynlegt er að fjarlægja sætishlutann er hægt að losa sætið handvirkrt.

1. Dragið láspinnann (1) út til hliðar og loftknúinn gormur á lyftiarminum hækkar sætiseininguna. Hafið í huga að þetta er sterkur gormur sem bregst hratt við þegar láspinninn er fjarlægður. Setjið þyngd á sætið: Þannig er auðveldara að losa láspinnann.
2. Fjarlægið hlífina með því að losa sex skrúfur á aðalhlífinni sem nær yfir allan neðri hluta hjólastólsins.
3. Lyftið aðalhlífinni.



8.2.5. RAFHLÖÐUR AFTENGÐAR

1. Gangið úr skugga um að slökkt sé á stólnum.
2. Fjarlægið rafhlöðutengin og gætið þess að þau komist ekki í snertingu við rafskautin (sjá skýringarmynd).
3. Setjið rafhlöðutengin í holrúmið aftan við rafhlöðurnar

Takið hlífina af til að komast að rafhlöðunum. Losið hlífina með því að



snúa Dsuz rangsælis.



Lift of cover. Remove batteries.

8.2.6. RAFHLÖÐUR SETTAR Í STÓLINN

1. Rafhlöður tengdar: Fylgið leiðbeiningunum um hvernig skal fjarlægja rafhlöður, en í öfugri röð.
2. Festið aðalhlífina.
3. Þrýstið sætiseiningunni niður um leið og mótórin sem hækkar sætið er settur í tengibúnaðinn.
4. Gangið úr skugga um að stangirnar sem aftengja drifmótórin séu í notkunarstöðu. Þær eru merktar „Operation - Disconnected“ (notkun - aftenging).
5. Kveikið á hjólastólnum með aflrofanum á stjórnborðinu og gangið úr skugga um að allar rafknúnar aðgerðir virki sem skyldi.

8.2.7. DEKK

Hjólástóllinn er annað hvort með hefðbundin þrýstiloftsdekk eða sterk, stunguþolin dekk. Skynsamlegt er að athuga ástand þeirra fyrir notkun.

Til að skipta um framhjólin þarf fyrst að fjarlægja felguhlífina. Hún er fest með tveimur skrúfum.



Release rim that is fastened with six bolts. Change tires.
Reassembly the opposite way.



VIÐVÖRUN

Aldrei má fara yfir hámarksþrýstinginn sem tilgreindur er hér að neðan. Öruggara er að setja loft í dekk hjólástólsins með handpumpu. Stjórna skal loftþrýstingnum með hefðbundnum þrýstimæli fyrir bíla.

Ef hjólástóllinn er með þrýstiloftsdekk og gat kemur á dekkið skal hafa samband við viðurkennda þjónustuaðila. Forðist að nota hjólástóllinn ef hann er með sprungið dekk.

Sjá tæknilýsingu, kafla 2.1.3.

Ef Balder-hjólástóll er með þrýstiloftsdekk skal fylgjast vel með loftþrýstingnum: 206,84 kPa á drifhjól.
344,74 kPa á elti hjól.

The valve is placed inside the rim.



9. ÚRRÆÐALEIT

| | | | |
|----|--|--|--|
| 1 | Hvað skal gera ef hjólastóllinn verður alveg óvirkur? | Hjólastóllinn er rafmagnslaus. Bilun í rafeindabúnaði. Bilun í rafbúnaði. | Fjarlægið hleðslusnertuna. • Athugið hvort kveikt sé á aflrofanum. Athugið hvort segulykillinn er virkur. Athugið hvort rofarnir sem aftengja mótörinn eru í stöðunni „Operation” (notkun). |
| 2 | Hægt er að færa stólinn en engar rafknúnar aðgerðir virka. | Bilun í ökutækinu. | íð samband við söluaðila. |
| 3 | Hjólastóllinn hleður sig ekki. | Bilun í hleðslutækinu. Ónæg tenging við hleðslusnertur/hleðslusnúru. Bilun í rafbúnaðinum. Skemmdar rafhlöður. | Setjið hjólastólinn í samband. Gangið úr skugga um að það logi á gaumljósi hleðslutækisins. • Ef ekki logar á gaumljósinu er bilun í hleðslutækinu. Hafið samband við söluaðila. |
| 4 | Gaumljós hjólastólsins blikkar einu sinni með tveggja sekúndna millibili. | Hreinsa þarf öll gögn um kerfið úr stýripinnanum. | Hafið kveikt á hjólastólnum í 10 sekúndur, slökkvið á honum í 10 sekúndur og kveikið svo aftur á honum. Hjólastóllinn ætti að vera tilbúinn fyrir notkun. |
| 5 | Gaumljós hjólastólsins blikkar tvisvar sinnum með tveggja sekúndna millibili. | Hraðatakmörkun fyrir sætishækkun hefur verið gerð virk. Bilun í rafeindabúnaði. | Ekki bilun. Lækkið sætið þar til það er komið undir mörk hraðaminnkunar. Hafið samband við söluaðila. |
| 6 | Gaumljós hjólastólsins blikkar nokkrum sinnum í einu með tveggja sekúndna millibili. | Bilun í stýripinna. Bilun í rafeindabúnaði. Bilun í rafmagnssnúru. | • Teljið hve oft ljósið blikkar og hafið samband við söluaðila. |
| 7 | Erfitt er að hreyfa hjólastólinn. | Röng notkunarstilling. Rangt stilling á notkunarstillingu. | Veljið aðra notkunarstillingu. Hafðu samband við söluaðila. |
| 8 | Hraði hjólastólsins minnkar skyndilega um helming meðan hann er á ferð. | Sætisstaða er of há. Bilun í hraðatakmörkun. | • Athugið sætishæðina þar sem hjólastóllinn er búinn hraðaminnkun. |
| 9 | Rafknúin sætisbaksvirkni og rafknúinn halli hreyfist aðeins áfram. | Ekki bilun. Bilun í endastöðurofum og/eða díóðum. | Hækkið sætið svo endastöðurofar séu ekki virkir. Hafið samband við söluaðila. |
| 10 | Hlutur virðist hafa losnað. | Hefur ekki verið hertur nægilega vel. Hefur slegið út. Röng samsetning, högg- eða titringsskemmd. | Athugið uppsetningu eða herflu. Herðið lausar skrúfur. Ef þú veist ekki hvert vandamálið er eða kannst ekki að laga það skaltu hafa samband við viðurkenndan þjónustuaðila. |
| 11 | Hækkun, halli eða sætisbaksvirkni virkar aðeins í eina átt. | Bilun í hallastillingarrofa Bilun í rafeindabúnaði. Klemmuvörn virkjuð, ef hún er til staðar. | Athugið hvort einhverjir aðskotahlutir eru í hlífinni og fjarlægið þá ef svo er. Hafðu samband við söluaðila. |

Þessum atriðum er ætlað að vera leiðbeinandi. Hafið samband við söluaðila ef þörf er á frekari aðstoð.

10. VALFRJÁLS AUKABÚNAÐUR

Hér fyrir neðan er listi yfir hluta af þeim aukabúnaði sem er í boði fyrir rafknúna hjólastóla frá Balder.

Atriði

Svartur poki með Balder-merkinu

Svartur poki með Balder-merkinu, lítill

Festistöng fyrir bakpoka/tösku (Balder F); festistöng fyrir bakpoka/tösku (Balder Junior); hnéhlífar, lausar (sett) (Balder F)

Lærastuðningur, laus (sett) (Balder F)

Stuðningspúðar, hné/læri, Balder Junior, 6x11 cm; stuðningspúðar, hné/læri, Balder Junior, 6x20 cm; stuðningspúðar, bak, Balder F, Comfort 1-3

Stuðningspúðar, hné/læri, Balder F, Comfort 4-6

Stuðningspúðar, bak, Balder Junior, 6x11 cm

Aðstoðarstýring 2

Aðstoðarstýring með neyðarstöðvun

Aðskilið rofaborð með öllum aðgerðum

Þessar upplýsingar geta breyst án fyrirvara og skal ekki líta á þær sem skilyrði eða skilmála af hálfu Baldertech AS. Baldertech AS tekur ekki ábyrgð á neinum villum sem kunna að vera í þessu skjali. Líta skal svo á að innihald þessa skjals sé eign Baldertech AS og megi ekki nota án leyfis frá Baldertech AS.

11. TENGILIÐIR

Baldertech Ltd
Roentgen Road
Basingstoke
Hampshire RG24 8NG
Netfang: uksales@baldertech.com
Sími: +44 12 56 76 71 81
www.balder.uk

Baldertech AS
Netfang: info@baldertech.com
Sími: +47 32 11 11 00
www.baldertech.com

Raðnúmer vörumerkingar

Baldertech AS

Netfang: info@baldertech.com

Sími: +47 32 11 11 00

www.baldertech.com

baldertech

2. Ýtið á rauða losunarhnappinn (6) á stjórnborðinu. Láspinninn opnast í um það bil fimm sekúndur, að því loknu læsist/virkjast hann sjálfkrafa á ný.
3. Færið hjólastóllinn úr tengistöðinni innan þessara fimm sekúndna. Ekki má reyna að bakka út úr tengistöðinni áður en rauða ljósið á stjórneiningunni kviknar, sem gefur ólæsta stöðu til kynna.